

Sp. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]
um einnota umbúðir.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson,
Valgerður Sverrisdóttir, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp til laga um framleiðslu, innflutning og notkun einnota umbúða hér á landi.

Greinargerð.

Notkun einnota umbúða hefur stóraukist hér á landi undanfarin missiri og má búast við enn frekari aukningu á notkun slíkra umbúða á næstunni. Einnota umbúðir hafa oftast tímabundið hagræði í för með sér fyrir neytandann. Það hefur verið talið óhagkvæmt að safna notuðum umbúðum, hreinsa þær og nota síðan á nýjan leik. En það hefur oft gleymst þegar kostir einnota umbúða eru metnir að aukin notkun þeirra hefur mikinn kostnað í för með sér fyrir þá sem sjá um sorphirðu auk þess sem það eykur þörf á landrými fyrir sorphauga, en það verður að teljast léleg landnýting.

Eitt þeirra vandamála, sem komið hafa upp hér á landi varðandi einnota umbúðir, er að fólk fleygir þeim úti í náttúrunni án þess að hugsa um þá fyrirhöfn og þann kostnað sem það hefur í för með sér við hreinsun. Þó ekki séu þeir margir sem fara um landið með slíku kæruleysi er of algengt að sjá plast-, pappa- og álumbúðir á víð og dreif þar sem fólk hefur farið um. Þá ber einnig að hafa í huga að aukin notkun umbúða, sem hvorki eru endurnotadar né endurnýttar, leiðir til þess að enn meira gengur á auðlindir jarðarinnar.

Í nágrannalöndum okkar hafa víðast verið settar reglur um notkun og endurnýtingu einnota umbúða. Nauðsynlegt getur verið að banna notkun ákveðinna umbúða og setja reglur um notkun annarra. Æskilegt er að taka upp skilagjald sem væri það hátt að það hvetti fólk til að safna saman umbúðum og skila frekar en að fleygja eða framleiðslugjald sem nota mætti til umhverfismála svo eitthvað sé nefnt.

Lög og reglur um umbúðir eiga að miða að því að halda mengun í lágmarki og draga úr ófhóflegri hráefnisnotkun.